



45. Þing ASÍ Áherslur ASÍ 2023 – 2024

Málefni launafólks af erlendum uppruna - Drög

Áherslur ASÍ

- Verkalýðshreyfingin þjónusti allt félagsfólk jafnt, burtséð frá tungumáli eða bakgrunni. Til þess þarf sértækar aðgerðir. Í þjónustu sé ávallt haft í huga og tekið tillit til þess að hluti launafólks er ekki íslenskumælandi og býr ekki yfir þekkingu á íslenskum vinnumarkaði og samfélagi.
- Starfsfólk verkalýðshreyfingarinnar og félagslega kjörnir fulltrúar hennar, þar á meðal trúnaðarmenn, endurspegli fjölbreytta samsetningu launafólks. Í allri fræðslu á vegum hreyfingarinnar sé sérstaklega hugað að jöfnu aðgengi allra, einnig þeirra sem ekki eru íslenskumælandi eða hafa ekki þekkingu á íslenskum vinnumarkaði. Fólk af erlendum uppruna eigi rödd í hreyfingunni og sjónarmið og hagsmunir þess séu sjálfsagður hluti í baráttu hreyfingarinnar fyrir bættum kjörum. Hagsmunir þess eru hagsmunir okkar allra.
- Skoða þarf stöðu berskjaldaðra hópa á vinnumarkaði á borð við umsækjendur um alþjóðlega vernd og flóttafólk. Um aðgerðir gegn brotastarfsemi vísast að öðru leyti í þingskjal um vinnumarkað og kjaramál.
- Stuðlað sé að fjölmenningslegri vitund meðal starfsfólks og félagslega kjörinna fulltrúa hreyfingarinnar gegnum fræðslu.
- Vönduðum og skýrum upplýsingum um réttindi og skyldur á vinnumarkaði sé miðlað á mörgum tungumálum til launafólks.
- Stuðlað sé að því að íslenskukennsla verði eflað og að launafólk geti stundað íslenskunám á vinnutíma, sér að kostnaðarlausu.
- Innflytjendur fái störf sem hæfa menntun og færni þeirra. Hreyfingin tali fyrir því að innflytjendur fái aðgengi að störfum við hæfi.

- Stuðlað verði að frekari rannsóknum á lífskjörum launafólks af erlendum uppruna. Sá galli er á mörgum opinberum rannsóknum og könnunum hér á landi að þær ná illa til innflytjenda. Efla þarf greiningar á stöðu þessa fólks sem byggja á gögnum frá stéttarfélagunum.

Verkefni ASÍ

- Móta leiðarljós um samræmda þjónustu stéttarfélaganna við aðflutt launafólk í samráði við félagsfólk af erlendum uppruna og stéttarfélögin.
- Regluleg fræðsla um túlkajónustu fyrir starfsfólk hreyfingarinnar.
- Hvetja stéttarfélögin til að nýta fjölbreyttar lausnir í túlka- og þýðingamálum.
- Stuðla að því að fólk með fjölbreytta tungumálaþekkingu sé ráðið til starfa í verkalýðshreyfingunni.
- Útbúa leiðarljós um túlkun, þýðingar og auðlæsileika á útgefnu efni og viðburðum á vegum ASÍ.
- Skilgreina þær áskoranir sem koma í veg fyrir að trúnaðarmannakerfið endurspegli fjölbreytta samsetningu á vinnustöðum.
- Kynna starfsemi stéttarfélaganna og eiga samtali við launafólk og trúnaðarmenn af erlendum uppruna, með vinnustaðaheimsóknum í samvinnu við stéttarfélögin.
- Kalla eftir endurskoðun á atvinnuréttindum umsækjenda um alþjóðlega vernd.
- Staða flóttafólks sem hlotið hefur alþjóðlega vernd verði könnuð á vinnumarkaði í ljósi lítillar atvinnuþátttöku þess þrátt fyrir hindrunarlausan aðgang. Í framhaldi verði metið hvort ráðast eigi í sérstakt atvinnuáttak fyrir flóttafólk.
- Þjóða starfsfólki stéttarféлага upp á námskeið um fjölmenningu og menningarläsi.
- Útbúa miðlægt upplýsingaefni um réttindi og skyldur á mörgum tungumálum sem stéttarfélög geta nýtt sér.
- Setja á fót miðlæga upplýsingasíðu um réttindi og skyldur á mörgum tungumálum (labour.is).
- Hvetja stéttarfélög til fara í sérstakt upplýsingaáttak til að kynna starfsemi sína fyrir launafólki af erlendum uppruna.
- Kalla eftir samtali við yfirvöld og heildarsamtök atvinnurekenda um aðgengi að íslenskukennslu og mat á gæðum hennar.
- Efla samstarf við Vörðu, rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, um fjölbreyttari og dýpri rannsóknir á stöðu og velferð launafólks af erlendum uppruna.
- Kanna leiðir í samvinnu við stéttarfélögin til að afla upplýsinga um hlutfall félagsfólks af erlendum uppruna í félögunum.

Greinargerð

Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn. Þessi vísun í einkennismerki ASÍ, um samtakamátt heildarinnar, á einkar vel við. Fólk af erlendum uppruna er nú fimmtungur launafólks og rúm 15% íbúa landsins. Á tveimur áratugum hefur fjöldi þeirra sexfaldast.

Verkalýðshreyfingin hefur fylgst grannt með þessari þróun um árabíl. Samfara innstreymi aðflutts launafólks hefur hreyfingin orðið vitni að og þurft að bregðast við sívaxandi brotastarfsemi á íslenskum vinnumarkaði.

Stéttarfélagin fá til sín æ fleiri og alvarlegri mál en áður tengd launþjófnaði og kjarasamningsbrotum. Þetta kemur fram í skýrslu ASÍ frá 2019 og segir að brotin beinist að þeim sem þekkja síður réttindi sín, þar á meðal erlendu launafólki. Það er einnig líklegra til að búa við óöryggi og óstöðugleika á vinnumarkaði og er fjölmennara í hópi láglaunafólks. Það vinnur lengri vinnudag og á erfitt með að fá menntun sína og starfsreynslu metna. Verkalýðshreyfingin þarf að róa að því öllum árum að styrkja viðkvæmustu hópana, veikustu hlekkina, því öðruvísi er hættu á að keðjan slitni.

Aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), árið 1994, lagði grunninn að breyttum vinnumarkaði og fjölgun innflytjenda á Íslandi, með tilheyrandi frjálsri för launafólks. Búferlaflutningar hingað til lands fóru þó hægt af stað og voru innflytjendur um 2% íbúa fram að aldamótum. Schengen-samstarfið (2001) gerði flutninga hingað til lands auðveldari en fjölgunin hófst fyrir alvöru við inngöngu nýrra aðildarríkja Evrópusambandsins árið 2006, þar með talið Lettlands, Litháen, Eistlands og ekki síst Póllands. Þá þurftu ríkisborgarar þeirra landa ekki lengur sérstakt atvinnuleyfi til að starfa hér á landi. Í dag eru Pólverjar langfjölmennasti hópur innflytjenda á Íslandi eða tæp 40% af heildarfjölda. Næst koma Litháar, Rúmenar og Lettar.

Á hinum alþjóðavædda og þensludrifna samevrópska vinnumarkaði er flæði vinnuafls fyrst og fremst drifið áfram af þörf atvinnurekenda fyrir ódýrt og tímabundið vinnuafli á uppsveiflutímum og er Ísland engin undantekning þar á. Launafólk leitar oftast þangað sem kaup og kjör eru betri en í heimalandinu og fólk frá láglaunasvæðum fær tækifæri til að starfa í löndum þar sem laun eru hærri og starfskjör geta verið betri. Því miður festist þetta sama fólk oft í láglaunastörfum og jafnvel í fátæktargildru sem það á litla möguleika á að vinna sig upp úr.

Þó að flestir innflytjendur komi hingað til lands á grundvelli frjáls flæðis launafólks frá ríkjum Evrópusambandsins má ekki gleyma að hingað kemur einnig fólk af öðrum ástæðum, á öðrum forsendum og frá öðrum heimshlutum. Fólk kemur til Íslands til að mennta sig, vegna fjölskyldutengsla eða eru einstaklingar á flóttu, svo eitthvað sé nefnt. Allt er þetta fólk sem er hluti af samfélaginu og oft og tíðum vinnumarkaði. Hvort sem fólk er hér til skemmri eða lengri tíma er verkalýðshreyfingin málsvari þeirra enda hafa rannsóknir sýnt að fólk í lengist gjarnan. Því er æskilegt að ganga út frá því að aðflutt launafólk sé komið til að vera og miða þjónustu við það.

Á hinn bóginn þarf að hafa hugfast að flæði evrópsks launafólks, sem kemur hingað í stuttan tíma og fer aftur, er komið til að vera enda er það ein meginstoða Evrópusamstarfsins.

Verkalýðshreyfingin þarf að vera vakandi yfir þeirri öfugþróun að sístækkandi hópur fólks standi utan löglegs vinnumarkaðar. Sérstaklega þarf að horfa til fólks á flóttu sem má skipta í þrjá eftirfarandi hópa:

1. Flóttafólk sem fær sjálfkrafa atvinnuleyfi með alþjóðlegri vernd. Vísbendingar liggja fyrir um að atvinnuþátttaka þess sé afar lág í samanburði við aðra hópa, þó ekki sé hægt að styðja þær með gögnum því þau liggja ekki fyrir.

2. Flóttafólk sem fær vernd af mannúðarástæðum og þarf að sækja sérstaklega um atvinnuleyfi sem er bundið við tiltekinn atvinnurekanda.
3. Og síðast en ekki síst umsækjendur um alþjóðlega vernd, sem geta sótt um bráðabirgðaatvinnuleyfi, einnig bundið við tiltekinn atvinnurekanda, að uppfylltum ströngum skilyrðum sem oft eru illyfirstíganleg.

Þegar slíkar skorður eru settar við atvinnuþátttöku skapar það kjörlendi fyrir svarta atvinnustarfsemi og misneytingu og hætta skapast á tvöföldum vinnumarkaði.

Vinnustaðir og stéttarfélög eru oft og tíðum fyrsta snerting innflytjenda við samfélagið og brýnt að sú snerting einkennist af fagmennsku og þjónustulund fyrir áframhaldandi samskipti, samvinnu og framtíðarsamfélag. Vægi vinnumarkaðarins og verkalýðshreyfingarinnar er lykill að frekari jákvæðum breytingum.

Verkalýðshreyfingin hlýtur að leitast við að styrkja enn frekar veikustu hlekki sína og taka skref í að útvíkka keðjuna svo að hún nái utan um allt launafólk og endurspegli þannig nýja samsetningu íslensks vinnumarkaðar.